UNGMENNAFÉLAG ÍSLANDS
Engjavegur 6, 104 Reykjavík
568 2929, umfi@umfi.is

FUNDARGERÐ
STJÓRNAR

# 21. STJÓRNARFUNDUR UNGMENNAFÉLAGS ÍSLANDS

**Haldinn 12. maí 2023 í þjónustumiðstöð UMFÍ.**

**Mætt eru**: Jóhann Steinar Ingimundarson (JSI), Gunnar Þór Gestsson (GÞG), Gunnar Gunnarsson (GG), Sigurður Óskar Jónsson (SÓJ) á fjarfundi, Guðmundur G. Sigurbergsson (GGS), Málfríður Sigurhansdóttir (MS), Hallbera Eiríksdóttir (HE), Gissur Jónsson (GJ), Guðmunda Ólafsdóttir (GÓ), Kolbeinn Þorsteinsson (KÞ) fulltrúi ungmennaráðs, Auður Inga Þorsteinsdóttir (AIÞ) framkvæmdastjóri UMFÍ og Einar Þ. Eyjólfsson (EÞE) fjármálastjóri UMFÍ.

**Forföll**: Ragnheiður Högnadóttir (RH) og Lárus B. Lárusson (LBL).

*Formaður setti fund kl. 15:00*

## 1. Upplýsingagjöf

AIÞ og EÞE fóru yfir starfsemina frá síðasta stjórnarfundi og starfið fram undan.

## 2. Fundargerðir lagðar fram til kynningar

- 27. fundur framkvæmdastjórnar.
- 9. fundargerð fjárhags- og fasteignanefndar.
- 17. fundargerð Ungmennaráðs UMFÍ.

## 3. Erindi frá nefndum

- Frá fjárhags- og fasteignanefnd
  - Fjárhags- og fasteignanefnd óskar eftir ákvörðun stjórnar um áframhald á rekstri Ungmennabúða UMFÍ, óháð staðsetningu. Stjórn felur framkvæmdastjóra að kanna möguleika á áframhaldandi rekstri ungmennabúða, óháð staðsetningu. Niðurstaða skoðunar liggi fyrir eigi síðar en á fundi stjórnar í ágúst.
- GÓ frá starfshópi um afreksíþróttir hjá mennta- og barnamálaráðuneyti
  - Stjórn samþykkir tillögu framkvæmdastjóra um þátttöku í verkefninu, skv. fyrirliggjandi gögnum.
- Frá ungmennaráði. Ungmennaráð leggur til að Sara Rut Mellado Vilbergsdóttir taki sæti í ungmennaráði UMFÍ, út skipunartíma ungmenna-ráðs. Samþykkt samhljóða.
- Fulltrúi í æskulýðsráði.
  - Ragnheiður Sigurðardóttir verður fulltrúi UMFÍ í æskulýðsráði.

4. **Staða nefndarstarfs og verkefni stjórnar**
   - Farið yfir yfirlit um starfandi nefndir innan og utan UMFÍ
   - Sjálfsmat stjórnar - JSI kynnti tillögu að sjálfsmati stjórnar - stjórn samþykkir tillöguna.

5. **Fjármál**
   - Drög að ársreikningi 2022 lögð fram til kynningar.
   - Uppgjör fyrstu fjögurra mánaða ársins 2023 lagt fram til kynningar

6. **Ungmennabúðir Laugarvatni**
   - Skilafundur hefur verið boðaður 16. maí, jafnframt hefur verið boðað til íbúafundar síðar sama dag. Fulltrúar UMFÍ mæta á báða fundina.

7. **Íþróttahéruð og lottóskipting**

   GÞG greindi frá því sem fram fór á íþróttaþingi ÍSÍ, þar sem sameiginleg tillaga ÍSÍ og UMFÍ um íþróttahéruð og lottóskiptingu var samþykkt samhljóða. Stjórn UMFÍ mun leggja fram samsvarandi tillögu á sambandsþingi UMFÍ í október.

8. **Vorfundur**

   Vorfundur UMFÍ verður haldinn í þjónustumiðstöð UMFÍ á morgun. Dagskrá fundarins lögð fram til kynningar.

9. **Önnur mál**

   Bréf frá Keflavík til stjórnar - Framkvæmdastjóra falið að afla upplýsinga frá Sportabler varðandi málið.

*Fundi slitið kl. 18:33*
*SÓJ ritaði fundargerð*